

**Rannsóknir á seiðastofnum  
Húseyjarkvíslar árið 2001**

**Bjarni Jónsson  
og  
Eik Elfarsdóttir**

**Hólum, nóvember 2001**

**VMST-N-01014**

## **Inngangur**

Gerð var athugun á seiðastofnum í Húseyjarkvísl 27. júlí og 23. ágúst 2001. Markmið þessara athugana var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu laxa-, bleikju- og urriðaseiða, vöxt og afkomu þeirra í Húseyjarkvísl. Á grundvelli þessara upplýsinga er mat lagt á heildarástand fiskistofna Húseyjarkvíslar.

## **Aðferðir**

Ástand seiðastofna í Húseyjarkvísl var kannað með rafveiðum. Í júlí og ágúst 2001 var rafveitt á 6 stöðum í Húseyjarkvísl. Veitt var á flestum sömu stöðum og undanfarin ár. Árið 1999 var bætt við einum nýjum stað, neðan Glaumbæjar, ekki var hægt að veiða þar árið 2000 en veitt var þar núna. Aðeins var veitt við tvo grjóttgarða nú í ár. Stærð rafveiðistaða var á bilinu  $12 \text{ m}^2 - 675 \text{ m}^2$  en hún var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir voru valdir með það að sjónarmiði að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Af þeim sökum er þeirri aðferð beitt að veiða sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valdir staðir eins og kostur er á grýttum köflum í ánni þar sem von er meiri seiðaframleiðslu og fleiri árganga seiða.

## **Niðurstöður rafveiða**

Neðan við Reykjafoss er staður 1, þar veiddust þrjú árgangar laxaseiða, eins árs, tveggja og þriggja ára seiði (mynd 1a, tafla 1). Voru eins árs seiðin mest áberandi þar en í fyrra voru það tveggja ára seiði. Heildarþéttleiki var örlítið meiri en í fyrra og mun meiri en árið 1999 (Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2001). Hvorki veiddust urriða né bleikjuseiði á þessum stað (töflur 2 og 3).

Á rafveiðistað 2 sem er ofan við Saurbæjarbrú var aðeins vottur af vorgömlum og eins árs laxaseiðum (mynd 1a, tafla 1), en í fyrra veiddust þarna vorgömul, eins árs, tveggja og þriggja ára laxaseiði þó ekki í miklum þéttleika. Einnig fannst vottur af vorgömlum urriðaseiðum (mynd 3, tafla 3).

Við Laugarhyl, stöð 3, veiddust sömu fjórir árgangar laxaseiða og í fyrra, vorgömul til þriggja ára, en í talsvert meiri þéttleika og reyndist vera mest af árgömlum seiðum (mynd 1a, tafla 1). Nokkuð veiddist líka af urriðaseiðum, mest af vorgömlum en einnig árgömul seiði (mynd 3, tafla 3).

Fyrir neðan Glaumbæ var veitt í fyrsta skipti sumarið 1999, árið 2000 var ekki hægt að veiða þar vegna aurburðar í ánni og nú í ár var þar frekar illveiðanlegt af sömu ástæðu. Ekkert veiddist á þessum stað nú (töflur 1, 2 og 3).

Veitt var í næst neðsta grjóttgarði norðan ár fyrir neðan Laugarhyl. Þar fundust þrjú árgangar, vorgömul, eins árs og tveggja ára laxaseiði og voru tveir yngstu árgangarnir í miklum þéttleika (mynd 1b, tafla 1). Nokkuð fannst líka af vorgömlum urriða- og bleikjuseiðum (myndir 2 og 3, töflur 2 og 3).

Í fyrsta grjóttgarði neðan Saurbæjarbrúar var mikill þéttleiki eins árs og þriggja ára laxaseiða og talsvert af vorgömlum seiðum (mynd 1b, tafla 1). Síðustu 2 sumur hafa veiðst á þessari stöð fjórir árgangar og allir í frekar litlum þéttleika. Mun meira veiddist af vorgömlum og tveggja ára urriðaseiðum nú en í fyrra en þá var talsverður þéttleiki árgamalla seiða þarna sem ekki fundust núna (Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2001; mynd 3, tafla 3).

## **Umræða**

Vorgömul laxaseiði virðast vera útbreidd í Húseyjarkvísl þannig að klak úr hrygningu haustið 2000 hefur tekist vel. Einnig er árgangur eins árs seiða öflugur í hlutum árinna. Nýliðun hefur því aftur aukist í ánni. Gripið hefur verið til sérstakra verndarráðstafana í Húseyjarkvísl til að efla laxastofna árinna. Þannig hefur veiðisókn verið takmörkuð frá því sem áður var veiðitímabilin 2000 og 2001. Miðað við ástand seiðastofna árinna þykir ekki ástæða til að halda slíkum aðgerðum áfram. Óhætt er að hverfa aftur til fyrra veiðifyrirkomulags og veiðisóknar.

Dreifing eldri árganga laxaseiða í Húseyjarkvísl er köflótt. Mikill þéttleiki allra árganga er á svæðinu fyrir neðan Laugarhyl en minna af eldri seiðum annars staðar

nema í grjótgörðum. Árgangar hafa hins vegar verið að skila sér vel á milli ára og kann gott árferði og lítill þéttleiki að ráða þar nokkru um.

Eftir að þéttleiki laxaseiða varð minni í Húseyjarkvísl virtist urriðinn vera að ná sér meira á strik (Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2001). Þessi þróun virðist hin vegar vera að snúast við aftur. Tiltölulega lítið hefur orðið vart við bleikjuseiði í ánni undanfarin ár.

Grjótgarðarnir í Húseyjarkvísl eru farnir að skipta miklu máli fyrir seiðabúskap árinna. Árin 1998 og 1999 þegar lítill þéttleiki laxaseiða reyndist í Húseyjarkvísl voru garðarnir lítið nýttir af laxaseiðum. Þetta fór að breytast aftur síðastliðið sumar. Á þeim köflum þar sem lítið skjól er í ánni virðast elstu seiðin fremur safnast í garðana en nýta önnur búsvæði. Tilbúin búsvæði í Húseyjarkvísl hafa ekki síst þýðingu sem vetrarskjól fyrir seiði sem safnast enn meira í tilbúnu búsvæðin að vetrarlagi en á sumrin þegar seiðin eru meira dreifð um ánnu (Bjarni Jónsson, í prentun Freyr).

Fjöldi gönguseiða sem farið hefur úr Húseyjarkvísl á síðustu árum hefur verið heldur í minna lagi. Gangan vorið 2001 virðist hafa verið í meðallagi og búast má við svipaðri niðurstöðu vorið 2002. Sterkustu árgangarnir í ánni nú eru vorgömul og eins árs laxaseiði. Ástand seiðastofna Húseyjarkvíslar lítur því ágætlega út til lengri tíma lítið.

Betri nýting á neðri hluta Húseyjarkvíslar til stangveiða á silungi hefur verið til umræðu í nokkur ár. Flest bendir til þess að hægt væri að bjóða upp á gjöfuga silungsveiði, ekki síst á sjóbirtingi í neðsta hluta árinna. Þetta hefur ekki orðið enn af ýmsum ástæðum. Það er hins vegar skilyrði ef á að byggja upp stangveiði í þessum hluta árinna að minnka aurburð í hana. Áin hefur vart verið veiðanleg vegna framburðar Héraðsvatna.

**Tafla 1:** Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl í júlí og ágúst 2001




Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 1	30x15		2,89	0,67	1,33
Staður 2	30x15	0,67	0,67		
Staður 3	30x5	12,00	19,33	10,00	6,00
Fyrir neðan Glaumbæ	45x15				
Grjótg. f.n. Laugarhyl	3x7	23,81	23,81	4,76	
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	6x2	8,33	41,67		33,33

**Tafla 2:** Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl í júlí og ágúst 2001



Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 1	30x15				
Staður 2	30x15				
Staður 3	30x5				
Fyrir neðan Glaumbæ	45x15				
Grjótg. f.n. Laugarhyl	3x7	4,76			
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	6x2				

**Tafla 3:** Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl í júlí og ágúst 2001


Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 1	30x15				
Staður 2	30x15	1,11			
Staður 3	30x5	28,00	6,67		
Fyrir neðan Glaumbæ	45x15				
Grjótg. f.n. Laugarhyl	3x7	9,52			
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	6x2	33,33		16,67	



Mynd 1a: Lengdar- og aldrisdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl í júlí og ágúst 2001.







**Mynd 1b:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl í júlí og ágúst 2001.



**Mynd 2:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Húseyjarkvísl í júlí og ágúst 2001.





**Mynd 3:** Lengdar- og aldursdreifing veidra urriðaseiða í Húseyjarkvísl í júlí og ágúst 2001.